

Fundargerð 114. fundar stýrihóps Stjórnarráðsins um byggðamál
Fundur haldinn á Teams, 8. júní 2026, kl. 13:00

Dagskrá:

1. Áhersluverkefni landshluta
2. Endurskoðun byggðaáætlunar – aðgerðatillögur
3. Önnur mál

Mætt: Hólmfríður Sveinsdóttir, formaður (IRN), Baldur Þ. Guðmundsson (MNH), Daníel Svavarsson (FOR), Donata Honkowicz Bukowska (MRN), Guðný Hrafnkelsdóttir (ATRN), Krístrún Friðriksdóttir (DMR), Margrét Erlendsdóttir (HRN), Óli Halldórsson (MNH), Páll Brynjarsson (SSV), Reinhard Reynisson (Byggðastofnun) og Heba Guðmundsdóttir, verkefnisstjóri (Byggðastofnun), sem ritaði fundargerðina.

Fjarverandi: Anna Borgþórsdóttir Olsen (FJR), Áshildur Linnét (FRN), Dagný Arnarsdóttir (URN), Sigríður Eysteinsdóttir (UTN) og Valgerður Rún Benediktsdóttir (sambandinu).

Formaður setti fundinn. Áður en gengið var til boðaðrar dagskrár bauð formaður Donötu Honkowicz Bukowska, MRN, velkomna í hópinn, en Donata tekur sæti Þórs Haukssonar Reykdal í stýrihópnum.

Umfjöllun og afgreiðsla:

1. Áhersluverkefni landshluta

Eitt af verkefnum stýrihópsins samkvæmt erindisbréfi er að staðfesta áhersluverkefni landshluta. Fyrir fundinn lágu til staðfestingar níu áhersluverkefni frá FV og sjö verkefni frá SSNE.

Áhersluverkefni FV:

ÁH2026-1 Púkinn – Barnamenningarhátíð

ÁHV2026-2 Sæluhús 2.0

ÁHV2026-3 Kómedíuleikhúsið

ÁHV2026-4 Skólaþjónusta á Vestfjörðum

ÁHV2026-6 Höfnin – Sóknarstaður nýsköpunar

ÁHV2026-7 Kuklið á Hólmavík

ÁHV2026-8 Setur landeldis á Tálknafirði

ÁHV2026-9 Öflugri Gullkista

ÁHV2026-10 Kortlagning tækifæra við notkun gervigreindar í starfsemi Vestfjarstofu

Áhersluverkefni SSNE:

2026-07 Böðin – Northern Baths

2026-8 Skemmtiferðaskip á Norðurlandi eystra

2026-9 Farsældardagur 2026 – Málþing

2026-10 Frá móttöku til inngildingar – innleiðing leiðbeininga fyrir sveitarfélög á Norðurlandi eystra

2026-11 Lýðskólinn á Raufarhöfn: Menntun, menning og samfélagsefld byggðapróun

26-90 Virkjum íbúana

26-91 Menningarbyggðin

Sá háttur er hafður á að fulltrúar ráðuneyta skoði sérstaklega vel þau verkefni sem tilheyra ábyrgðarsviði þeirra og eftir atvikum upplýsa sitt samstarfsfólk um þau. Niðurstaða stýrihópsins er eftirfarandi:

Verkefni FV: Öll níu verkefni FV voru staðfest af stýrihópnum, tvö með ábendingum.

Verkefni SSNE: Sex verkefni af sjö staðfest af stýrihópnum. Verkefnið 2026-11 Lýðskólinn á Raufarhöfn: Menntun, menning og samfélagsefld byggðapróun var sett á bið og verkefnisstjóra falið að óska eftir nánari upplýsingum og samtali.

2. Endurskoðun byggðaáætlunar

Formaður fór yfir aðgerðatillögur byggðaáætlunar. Til stendur að hvítbók fari í samráðsgátt um miðjan mánuðinn og mun stýrihópurinn fá hvítbókina til yfirllesturs áður en hún fer í samráðsgátt.

3. Önnur mál

Fyrir fundinn hafði stýrihópurinn fengið til kynningar ársskýrslu Brothættra byggða fyrir árið 2025, sem kom út í maí sl. Verkefnisstjóra falið að óska þess að verkefnisstjórar Brothættra byggða komi á fund stýrihópsins í haust með kynningu.

Fundartími mánaðarlegra funda stýrihópsins eftir sumarfrí ræddur. Samþykkt að halda sama fundartíma og verið hefur, þ.e. fyrsti mánudagur í mánuði kl. 13:00.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 13:50.